Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# 1. bekkjarnámskrá

## Skólanámskrá Lækjarskóla



Skólaárið 2020 - 2021

Skólanámskrá Lækjarskóla.
Útgefin 2020.
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Dögg Gunnarsdóttir skólastjóri Lækjarskóla

**Útgefandi**: Lækjarskóli Hafnarfjarðarbær
Sólvangsvegi 4
220 Hafnarfjörður

netfang: laekjarskoli@laekjarskoli.is
veffang: http://www.laekjarskoli.is

# Innihald

1. Skólastarf - 1. bekkjar 4

Samantekt kennslu í 1. bekk 5

1.1 Áherslur grunnþátta menntunar í 1. bekk 6

1.2. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf. 8

1.3 Námsmat og vitnisburðarkerfi 8

2. Námssvið og námsgreinar 10

2.1 Lykilhæfni 10

3. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál 14

3.1. Talað mál, hlustun og áhorf 15

3.2. Lestur og bókmenntir 16

3.3. Ritun 18

3.4. Málfræði 20

B. Íslenska sem annað tungumál 21

4. List- og verkgreinar 25

4.1 Sjónlistir - myndmennt 27

4.3 Hönnun og smíði 30

4.4 Textílmennt 31

5. Náttúrugreinar 33

5.1. Náttúrufræði 35

6. Samfélagsgreinar 37

6.1. Trúarbragðafræði 38

6.2. Jafnrétti og lífsleikni 40

7. Skólaíþróttir 43

7.1. Íþróttir 45

7.2. Sund 47

7. Stærðfræði 50

7.1. Stærðfræði 51

7.2. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði 53

7.3. Tölur, reikningur og algebra 54

7.4. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi 55
8. Upplýsinga- og tæknimennt 57
8.1. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni 58
Lokaorð 59

# 1. Skólastarf - 1. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Unnið er samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Í skólanámskrá eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar á mati á námshæfni nemanda í lok árgangs.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:
1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

## *Samantekt kennslu í 1. bekk*

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | Talað mál, hlustun og áhorf Lestur og bókmenntir Ritun Málfræði | 7 samtals |
| 2 List- og verkgreinar | *A Listgreinar*:<br><br>Sjónlistir (myndmennt) Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br><br>Hönnun og smíði<br>Textílmennt | <br>1<br>1<br>1<br><br>1<br>1<br>1 |
| 3.Náttúrugreinar | Náttúrufræði | 3 |
| 4. Samfélagsgreinar | Samfélagsfræði, trúarbragðafræði og lífsleikni | 4 samtals |
| 5. Skólaíþróttir | Íþróttir<br>Sund | 2<br>1 |
| 6. Stærðfræði | Stærðfræði | 5 |
| 7. Upplýsinga- og tæknimennt | Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 0 |
| Alls | | 30 |

## *1.1 Áherslur grunnþátta menntunar í 1. bekk*

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

| **Grunnþáttur menntunar** | **Áhersluatriði** |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | Það er unnið með heilbrigði og velferð í skólanum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>· jákvæður skólabragur, SMT, bekkjarfundir og reglukennsla, einkunnarorð skólans, virðing, vinátta og öryggi<br>· næringarfræðsla<br>· áhersla á hreyfingu úti og inni<br>· stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum<br>· efla skilning á eigin tilfinningum og annarra<br>· efla sjálfsstjórn og sjálfstraust<br>· unnið með sjálfsmyndina og jákvæð samskipti meðal jafnaldra og við þá sem eldri eru<br>· vinna að jákvæðum samskiptum við foreldra/forráðamenn, starfsfólk skóla og annað fólk í nærsamfélaginu<br>● efla vitund um kynferði |
| JAFNRÉTTI: | Það er unnið með jafnrétti út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>· koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega<br>· allir fái nám við hæfi<br>· kenna nemendum að setja sig í spor annarra<br>· búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi<br>· leggja áherslu á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins svo sem, jafnrétti fjölmenningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun |

| | |
|---|---|
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | Það er unnið með lýðræði og mannréttindi í skólanum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>· læra að setja sig í spor annarra með verkfærum SMT<br>· hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir og að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið<br>· vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi svo sem hópvinnu, bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum.<br>· stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur<br>· hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu<br>· fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi stuðla að hópavinnu<br>· auka siðferðisvitund<br>· efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð<br>· nemendur geti valið nám eftir áhugasviði |
| LÆSI: | Það er unnið með læsi út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>· efla tölvu- og tæknilæsi<br>· nemendur læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt<br>· auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt<br>· kenna nemendum að vera læsir á umhverfið<br>· efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju<br>· efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi og fleira. |
| SJÁLFBÆRNI: | Það er unnið með sjálfbærni út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>· stuðla að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs<br>· gera sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temja sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa<br>· skila umhverfinu í ekki lakari ástandi til komandi kynslóða en við tókum við því<br>· takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni<br>· stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt samfélaginu · kenna neytendafræðslu og fjármálalæsi |
| SKÖPUN: | Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>· stuðla að frumkvæði einstaklingsins<br>· stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi · móta viðfangsefni og miðla þeim, eftir eigin sýn<br>· nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og að nemendur verði virkir þátttakendur í náminu |

| | |
|---|---|
| | · nýta eigin ímyndunarafl í verkefnavinnu<br>· byggja á eigin reynslu og byggja ofan á hana<br>· nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir verkum sínum og annarra. |

## *1.2. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.*

Í upphafi skólaárs er haldið skólafærninámskeið fyrir foreldra, þar sem skólinn er kynntur og öll hans starfssemi svo sem frístundaheimilið, SMT, Mentor, mataráskrift og kennarar kynna skólastarfið. Einnig er óskað eftir fulltrúum til að gegna hlutverki bekkjartengla.

Fyrsti dagurinn í skólanum hefst á foreldrasamtali með foreldrum og barni, þar sem upplýsingar eru fengnar um málþroska og líðan. Tveir samtalsdagar eru yfir veturinn, á haust- og vorönn.

Vikulega eru rafræn fréttabréf sett inn á Mentor.is þar sem finna má upplýsingar um heimanám og það sem er á döfinni í skólanum. Kennarar eru í samskiptum við foreldra í gegnum síma og tölvupóst. Auk þess hittast foreldrar og kennarar á fundum ef þörf er á.

## *1.3 Námsmat og vitnisburðarkerfi*

**Leiðsagnarmat**

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast reglulega með hæfnikorti nemandans á Mentor. Hæfnikortið getur tekið breytingum á milli skólaára en lokamatið fer fram við lok 4.bekkjar.

**Lokamat**

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni. Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins.

**Vitnisburður að vori:**
Að vori fá nemendur í 4.bekk útprentaðan vitnisburð þar sem fram kemur árangur þeirra í yngri deild, 1.-4.bekk. Lokamatið er byggt á frammistöðu þeirra eins og hún kemur fram á hæfnikortinu. Á þessu vitnisburðarblaði er einnig almenn umsögn um nemandann, hegðun og framkomu. Nemendur í 1.-3.bekk fá almenna umsögn ásamt staðfestingu frá skóla að námsári sé lokið.

# 2. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa bekkjarnámsskrár, unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

## *2.1 Lykilhæfni*

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs.

Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

**a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum**

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

| Lykilþættirnir fimm | A | B | C |
|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | Tjáð hugsanir sínar af öryggi og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu mjög vel á framfæri fyrir framan hóp. | Tjáð vel hugsanir sínar af og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu á framfæri fyrir framan hóp. | Tjáð hugsanir sínar að einhverju marki og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu að vissu marki á framfæri fyrir framan hóp. |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | Unnið mjög vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gert sér mjög vel grein fyir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oftast fundin úrlausn á raunhæfum viðfangsefni. | Unnið vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gerir sér vel grein fyir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að þaðer munur á staðreyndum og skoðunum. Oft fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni. | Unnið nokkuð vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk að einhverju leyti. Stundum gert sér grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig að vissu marki á mun á staðreyndum og skoðunum. Stundum fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefnum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt eigin styrkleika. Unnið mjög vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn. | Unnið vel eftir fyrirmælum, oft sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt | Unnið nokkuð vel eftir fyrirmælum, stundum sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkuð vel styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið nokkuð vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér nokkuð vel leiðsögn. |
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | Af öryggi leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær og þekkt vel grunnreglur um netnotkun | Leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær með stuðningi og þekkt grunnreglur um netnotkun. | Að einhverju marki leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og stundum nýtt þær og þekkt nokkuð vel grunnreglur um netnotkun |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | Af öryggi leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær og þekkt vel grunnreglur um netnotkun | Leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær með stuðningi og þekkt grunnreglur um netnotkun | Að einhverju marki leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og stundum nýtt þær og þekkt nokkuð vel grunnreglur um netnotkun. |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | Metið vel jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið virkan þátt í að skipulegga eigið nám. | Metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipulegga eigið nám með leiðsögn. | Að vissu marki metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn að nokkru leyti. |

i skóla

# 3. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## A. Íslenska

**Námshæfni – viðmið og mat**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**a. Viðmið um námshæfni í íslensku**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í íslensku |
|---|---|
| *Talað mál, hlustun og áhorf:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● talað hátt og skýrt<br>● tjáð sig frammi fyrir hópi<br>● sagt frá eigin upplifun<br>● átt góð samskipti, hlustað á aðra og sýnt þeim kurteisi<br>● hlustað á sögur og ljóð |
| *Lestur og bókmenntir:*<br>*:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● beitt góðri færni í hljóðkerfisvitund<br>● þekkt alla bókstafi og hljóð þeirra<br>● beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lesturinn verði lipur og skýr<br>● þekkt nokkrar algengar orðmyndir<br>● lesið stutt orð og setningar<br>● þekkt einfaldar vísur, ævintýri, þulur og ljóð |
| *Ritun:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● haldið rétt á skriffæri og dregið rétt til stafs<br>● skrifað ítalska skrift með tengikrókum<br>● skrifað stuttar setningar eða sögur frá eigin brjósti<br>● byrjað setningar á stórum staf og endað á punkti |
| *Málfræði:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð og setningar<br>● þekkt hugtakið stafróf |

- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki

## *3.1. Talað mál, hlustun og áhorf*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 kennslustund (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hlustun*
- *Tjáning*
- *Áhorf*
- *Hljóð- og hljóðkerfisfræði*
-

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Markviss málörvun 1 í leik og starfi og bókasafnsbækur*
- *Þjálfun í að nota ræðupúlt og heimakrókur*
- *Að vaxa úr grasi*
- *Ýmis kennslumyndbönd t.d. á nams.is*
- *Íslenska í 1. og 2. bekk Handbók kennara*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Lesin framhaldssaga*
- *Þjálfun í að tjá sig og að hlusta í heimakrók*
- *Innlögn verkefna, þjálfun að fara eftir fyrirmælum*
- *Leikræn tjáning*
- *Málörvunarleikir í hóp*
- *Skemmtanir á sal*
- *Koma fram í sal fyrir framan áhorfendur*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Innlögn kennara*
- *Umræður í heimakrók*
- *Frásögn nemenda*
- *Leikræn tjáning*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Að geta tjáð sig fyrir framan hóp*
- Að geta hlustað á sögu og tileinkað sér nokkrar reglur fyrir áheyrendur

b. Námshæfni:

- *Leiðsagnarmat*
- *Frammistöðumat*

## *3.2. Lestur og bókmenntir*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 kennslustundir (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestrarnám*
- *Rím og rím ósamræmi*
- *Þjálfun hljóðkerfisvitundar*
- *Hljóð og heiti bókstafa*
- *Algengar orðmyndir*
- *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, vísur og ljóð*
- *Lesskilningur*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarlandið, lestrarbók*

- *Lestrarlandið vinnubók 1 og 2*
- *Lesferill, handbók*
- *Listin að lesa og skrifa, lestrarbækur og verkefni, kennsluleiðbeiningar*
- *Lestrar- og vinnubækur við hæfi nemenda.*
- *Verkefni eftir færni hvers og eins*
- *Ýmis smáforrit Ipad*
- *Orðasjóður*
- *Orðagull*
- *Námsefni frá Super Duper*
- *Listin að lesa og skrifa, lestrarspil*
- *Íslenska í 1. og 2. bekk Handbók kennara*
- *Stafaaskjan*
- *Foam stafir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Lestrarnámið byggist á hljóða og heildaraðferð
- Stafainnlögn, unnið með einn *til tvo stafi á viku*, heiti hans, hljóð og tengingu við aðra stafi
- *Lesið í skóla fyrir kennara fimm sinnum í viku.*
- *Heimalestur fimm daga vikunnar.*
- *Orðabók, nemendur skrifa daglega 3-5 orð eða setningar, heima*
- *Lestrarsprettir og lestrarátök*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Innlögn kennara*
- *Einstaklingsmiðuð lestrarþjálfun*
- Verkefnavinna bæði einstaklingslega og í hópi
- Lesturinn þjálfaður í gegnum leiki og þrautir

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Geta nemenda til að lesa texta í samræmi við aldur og þroska*

b. Námshæfni:

- *Lesskimun í október*
- *Lesferill janúar, maí. Markmið er að lesa 20-75 orð á mínútu að vori.*
- *Sjónrænn orðaforði janúar, maí*
- *Stafakannanir í ágúst, október, janúar, mars, maí*

- *Lesskilningur í samræmi við lestrargetu*

*Lesskimun í október*

- *Lesferill janúar, maí. Markmið er að lesa 20-75 orð á mínútu að vori.*
- *Sjónrænn orðaforði janúar, maí*
- *Stafakannanir í ágúst, október, janúar, mars, maí*
- *Lesskilningur í samræmi við lestrargetu*

## *3.3. Ritun*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 kennslustundir (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Halda rétt á skriffæri*
- *Draga rétt til stafs og skrifa ítalska skrift*
- *Að nemendur geti skrifað orð og/eða setningar*
- *Geti ritað algeng orð sem búið er að æfa*
- *Haft bil á milli orða*
- *Gert greinarmun á hástöfum og lágstöfum í lestri og ritun*
- *Notað lágstafi inn í orðum*
- *Notað stóran staf í upphafi málsgreina*
- *Notað stóran staf í sérnöfnum*
- *Notað punkt í lok málsgreina*
- *Tjáð sig með einfaldri ritun*
- *Vandað vinnu sína*
- *Sögugerð í máli og myndum*
-

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Forskriftarblöð, skriftarbækur, Ítalíuskrift, úrklippubókin, Listin að lesa og skrifa o.fl.*
- *Ipad*
- *Leir*
- *Það kemur saga út úr mér ( e. Herdís Egilsd.)*
- *Sögubókin mín*
- *Stafaaskjan*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Þjálfun í að draga rétt til stafs, unnið með einn bókstaf á viku. *Stafur ritaður í úrklippubók og vinnubók*
- *Nemendur spora, leira, pensla og skrifa stafina*
- *Geti ritað alla há-og lágstafi íslenska stafrófsins*
- *Æfa ritun algengra orða í úrklippubók, leira/föndra algeng orð*
- *Orðaskrift/setningaskrift, nemendur skrifa heima 5-10 orð/ setningar a.m.k 5 sinnum í viku*
- *Einföld sögugerð, mynd og texti*
- *Ritun eftir upplestri*
- *Skrifleg verkefni í náttúrufræði og samfélagsfræði*
- *Hugtakakort*
- *Umræður*
- *Fimm orðabók, nemendur skrifa daglega 3-5 orð*
- *Sögugerð, mynd og texti*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Hver nemandi vinnur á sínum hraða og eftir sinni getu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Að geta skrifað alla há- og lágstafi*
- *Geta nemenda til að skrifa fyrirmyndarsetningu:*
    - *Byrja á storum staf*
    - *Nota litla bókstaf*
    - *Hafa bil á milli orða*
    - *Enda á punkti*

b. Námshæfni:

- *Virkni í kennslustundum*
- *Símat*
- *Stafa- og skriftarkönnun*
- *Verkefni og skriftarbækur*

# *3.4. Málfræði*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 kennslustund (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Stafrófið*
- *Orð og merking*
- *Rím og orðaleikir*
- *Þekki hugtökin bókstafur, orð og setning*
- *Unnið með andheiti og samheiti*
- *Þekkt mun á sérhljóða og samhljóða*
- *Þekkt samsett orð og unnið með þau*
- *Þekki sérnöfn*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lesferill handbók*
- *Lestrarlandið vinnubækur 1 og 2*
- *Stafrófsspjöld*
- *Stafrófsvísan*
- *Úrklippubókin*
- *123.skoli*
- *Leikir á mms.is*
- *Verkefni af skólavefnum og fjölbreyttum kennsluháttum*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla

- *Málörvun*
- *Innlögn og útskýringar kennara*
- *Leikir með orð og merkingu þeirra* Stafir, orð og málsgreinar ritaðar í úrklippubók
- Stafir og orð unnin heima
- Fær tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt s.s. í gegnum leik og söng og rím

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Hver vinnur á sínum hraða og eftir sinni getu undir leiðsögn kennara*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat
- Vitnisburðarskirteini í janúar og maí
- Námsframvinda birt í Mentor yfir veturinn

a. Lykilhæfni:

- *Geta nemenda til að vinna með undirstöðuþætti í málfræði*

b. Námshæfni:

- *Geta sungið stafrófsvísuna*
- *Geta nemenda til að vinna með bókstafi, orð og setningar*
- *Geta nemenda til að þekkja sérnöfn.*

# B. Íslenska sem annað tungumál

„Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi. Áföngunum er hér skipt niður í stig sem miðast við hæfni í íslensku við lok hvers stigs. Í fyrsta lagi er miðað við byrjendur, svo lengra komna og síðan lengst komna. Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2016:107).




Byggt á: Beck, I. L., McKeown, M.G., & Kucan, L. (2002). Bringing words to life. New York: The Guildford Press

Líkan Becks o.fl um skiptingu orðaforða er haft við hliðsjónar við skipulag kennslu. Efsta þrepið (Tier 3) inniheldur orðaforða námsgreina og lögð er áhersla á að kennsla námsgreina hefjist eins fljótt og kostur er.

Orð á þrepi tvö (Tier 2) eru orð sem einkenna orðaforða þroskaðra málnotenda og eru kennd markvisst í samstarfi við aðra kennara í gegnum verkefni sem kallast Orðaþrenna vikunnar.

Hjá nemanda sem er nýkominn til landsins þarf að byrja á að byggja upp grunnorðaforða í neðsta þrepi (Tier 1).

Kennsla grunnorðaforða nýkominna nemenda felur í sér að nemandi geti:

- Kynnt sig, sagt til nafns, aldurs, heimilis og afmælisdags
- Heilsað og kvatt
- Þekkt litina
- Þekkt vikudagana
- Notað orð yfir fatnað og fylgihluti
- Talið upp í hundrað
- Notað a.m.k. sagnorð yfir það sem er gert í skólanum
- Sagt hvað hlutirnir í skólastofunni heita
- Sagt heiti fjölskyldumeðlima
- Nefnt helstu húsdýr, gæludýr og villt dýr
- Lýst manneskju
- Þekkt orð yfir helstu andlits- og líkamshluta
- Notað helstu veðurhugtök til að lýsa veðri
- Sagt hvaða árstíð er og þekkt mánaðarheitin
- Notað tímahugtök eins og, í dag, á morgun, í gær, í fyrradag, áðan, á eftir, núna
- Notað hugtök tengd íþróttum og íþróttaæfingum
- Notað helstu hugtök tengd mat og matarvenjum
- Notað einföld hugtök sem tengjast náttúrunni og umhverfinu
- Notað einföld hugtök sem tengjast heimilinu
- Notað hugtök sem tengjast heimabænum
- Notað hugtök tengd ævintýrum
- Þekkt nokkur algeng starfsheiti
- Þekkt algeng farartæki
- Notað staðarforsetningar s.s. undir, yfir, fyrir ofan, fyrir neðan, fyrir framan, fyrir aftan
- Þekkt og notað persónufornöfnin
- Notað helstu hugtök yfir form og mynstur

Samhliða uppbyggingu orðaforða fer fram þjálfun á málþáttum: Hlustun, málskilningi, málfræði, setningauppbygging, frásögn og framburði.

**Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda:**

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál** |
|---|---|
| **Lestur, bókmenntir og ritun** | **Við lok stigs fyrir <u>byrjendur</u> geti nemandi:**<br>● lesið og skilið texta við hæfi og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur,<br>● lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum,<br>● notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð,<br>● beitt einföldum reglum um stafsetningu,<br>● skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð,<br>● skráð athugasemdir og niðurstöður, t.d. í samstarfshópi. |

| | |
|---|---|
| **Lestur, bókmenntir og ritun:** | **Við lok stigs fyrir <u>lengra komna</u> geti nemandi:**<br>● lesið einfalda texta reiprennandi sér til gagns og ánægju og tjáð sig um efni þeirra,<br>● lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir og bókmenntir á móðurmáli sínu, túlkað þær og tjáð sig um þær,<br>● stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar,<br>● skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli. Tjáð hugsanir sínar og reynslu í rituðu máli og miðlað til skólafélaga,<br>● tekið virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og lagt sitt lóð á vogarskálar við lausn verkefna sem krefjast umræðu, lestrar og ritunar,<br>● notað aðgengileg gögn sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn. |
| **Lestur, bókmenntir og ritun** | **Við lok stigs fyrir <u>lengst komna</u> geti nemandi***:*<br>● valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtt fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd,<br>● valið sér bókmenntir, á íslensku og á móðurmáli sínu sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið,<br>● stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings,<br>● dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta,<br>● skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni,<br>● nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju. |
| **Málfræði**<br>**(Á við um öll stigin)** | „Hvað málfræði áhrærir má velja viðmið úr hæfniviðmiðum um málfræði þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2016:107). |

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðaforði
- Hlustun
- Lestur og lesskilningur
- Ritun
- Málfræði og setninga uppbygging
- Hlustun
- Frásögn og framburður

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

Orðasjóður, Kpals, Lubbi finnur málbein, Orðagull, Tölum saman, Super duper, Markviss málörvun, Leið til læsis, Leggðu við hlustir, The processing program, Following auditory directions, Sagnorðaspil, Fallorðaspil, Listin að lesa og skrifa – Lestrarspil, Íslenski

málhljóðakasinn, Orðaforðalisti MMS, Vefir MMS, smáforrit af App Store og verkefni frá kennara.

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- kennsla í litlum hópum
- í kennslustofu bekkjar

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- námsefni við hæfi
- spil og leikir

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

Fléttað inn í námið

b. Námshæfni:

- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat
- próf
- gátlistar
- frammistaða og virkni metin

# 4. List- og verkgreinar

**Námshæfni – viðmið og mat**

Nám í grunnskóla skal hafa sem mest gæði og þess vegna byggir grunnskólastarfið á viðmiðum um hæfni sem grundvöll gæðanna. Þau nefnast námshæfni þegar gæðin tengast átta námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið séu sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla.

## a. Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum** |
|---|---|
| *:* | |
| *Textílmennt:* | *Við lok árgangs hafi nemandi:*<br>● Kynnst *textílstofunni og umgengni um hana*<br>● Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi aðferðum *og áhöldum*<br>● Lært að vinna í hóp og taka tillit til annarra<br>● Kynnnst nokkrum gerðum af efnum og garni<br>● Gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og að ganga vel um vinnusvæði sitt. |
| *Hönnun og smíði:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● notað rétt þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni<br>● beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar<br>● sýnt örugga umgengni á vinnusvæði<br>● gengið frá eftir vinnu sína. |
| *Myndmennt:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>● Þekkt frumlitina og geti gert einfaldar litablöndur.<br>● Þekkt grunnformin og geti beitt þeim í myndgerð.<br>● Þekkt mismunandi myndgerðir með tilliti til tækni t.d. teikningu, málverk, ljósmynd og styttu. |

| | |
|---|---|
| | • Unnið myndræna frásögn úr umhverfi sínu.<br>• Sýnt vönduð vinnubrögð, virðingu fyrir efnum og áhöldum og góða umgengni. |
| Tónmennt | Við lok 1. bekkjar geti nemandi:<br>• Sýnt áhuga á hugmyndavinnu í tónmennt<br>• Sýnt færni í frumþáttum tónlistar í gegnum söng, leik og hreyfingu.<br>• Notað söngröddina á virkan hátt til að túlka margar ólíkar tónlistartegundir.<br>• Hreyft sig óhindrað og frjálst með tónlist<br>• Lesið og klappað einföld hryndæmi.<br>• Þekkt strengjahljóðfæri og algeng hrynhljóðfæri á útliti þeirra og hljómblæ. |
| Menningar - læsi | Við lok fyrsta bekkjar geti nemandi:<br>• Unnið eftir einföldu ferli fráhugmynd til afurðar<br>• Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.<br>• Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.<br>• Gengið frá eftir vinnu sína. |

# A. hluti - listgreinar:

## *4.1 Sjónlistir - myndmennt*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Fjórar kennslustundir (40 mín. ) á viku í 7 vikur eða 28 kennslustundir að jafnaði yfir veturinn

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sjálfsmynd, vatnslitir og túss/ Fiskur
- Þrívíð myndgerð í leir, fiskur (Rauði fiskurinn, saga eftir Rúnu)
- Grunnformin, klippimynd
- Frumlitirnir, klippimynd í anda Mondrian
- Heitir og kaldir litir (heit mynd/köld mynd)
- Mappa

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
Skjávarpi, internetið, kennslubókin Myndmennt 1, Listaverkabækur,
sagan um Rauða fiskinn eftir Rúnu. Skissubók, trönur, pappír, karton, blýanta, túss, tréliti, neoncolorliti, vatnsliti, þel, leir og glerunga og nota viðeigandi áhöld.

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Kynning*
- *Innlagnir*
- *Kveikja*
- *Umræður*
- *Sýnikennsla*
- *Nemendur spreyta sig á viðfangsefninu og fá endurgjöf frá kennara*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sýnikennsla*
- *Jafningjafræðsla*
- *Samvinna*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum er metin*
- *Munnlegar og skriflegar umsagnir*

b. Námshæfni:

- *Sköpun*
- *Tjáning*
- *Virkni*
- *Verkefnaskil*
- *Vönduð vinnubrögð*
- *Frumkvæði*
- *Tillitsemi*
- *Umgengni*
- *Myndræn verkefni metin*
- *Vinnusemi*
- *Verklagni*
- *Samvinna*

## 4.2 Tónmennt

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 x tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Sögur: einföld lög sungin sem tengjast dygðum, árstíðum og hátíðum*
- *Hljóðfæri: kynning á nokkrum strengja - og ásláttarhljóðfærum.*
- *Hreyfing: hreyfisöngvar sungnir, dansar frá ýmsum löndum og tímabilum*
- *Ritun: kynnist nótna – og hrynskrift*
- *Hlustun: tónsögur, tónlist frá ýmsum löndum og tímabilum*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Sönghefti*
- *Hring eftir hring*

- *Leikum og syngjum*
- *Stofuhljóðfæri*
- *Verkefni frá kennara*
- Grieg/Pétur Gautur
- *Veraldarvefurinn*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hópkennsla: söngur, hreyfing í takt við tónlist, leikir og dansað eftir tónlist*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreyttni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum metin*
- *Munnlegar og skriflegar umsagnir*

b. Námshæfni:

- *Virkni í tíma og í samsöng*
- *Samvinna*
- *Frumkvæði og frammistaða*

# B. hluti - verkgreinar:

## *4.3 Hönnun og smíði*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Handverksþættir*
- *Heiti áhalda*
- *Öryggismál og umgengni*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Tæki og áhöld greinarinnar*
- *Efni frá kennara*
- *Fjölbreyttur efniviður**iii.***

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Kynning*
- *Innlagnir*
- *Kveikja*
- *Umræður*
- *Sýnikennsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur fá skýrari fyrirmæli og léttari verkefni*
- *Nemendur aðstoðaðir við vinnu – sýnikennsla maður á mann.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Frammistaða og virkni í tímum er metin.*
- *Munnlegar og skriflegar umsagnir*

b. Námshæfni:

- *Verkefnaskil*
- *Sjálfstæði*
- *Vönduð vinnubrögð*
- *Fer eftir fyrirmælum*
- *Vinnusemi*
- *Hugmyndavinna*
- *Samvinna*

## 4.4 Textílmennt

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Fjórar kennslustundir (40 mín. ) á viku í 7 vikur eða 28 kennslustundir að jafnaði yfir veturinn.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Grunnaðferðir í textílmennt, grunnform, útsaumsspor o.fl.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Tæki og áhöld greinarinnar*
- *Efni frá kennara*
- *Bækur og blöð*
- *Fjölbreyttur efniviður*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Kynning*
- *Innlagnir*
- *Kveikja*
- *Umræður*
- *Sýnikennsla*
- *Nemendur spreyta sig á viðfangsefninu og fá endurgjöf frá kennara*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Unnið eftir einföldum fyrirmælum*
- *Sýnt rétta notkun áhalda*
- *Gengið frá eftir vinnu*

b. Námshæfni:

- *Frumkvæði*
- *Sjálfstæði*
- *Vönduð vinnubrögð*
- *Fer eftir fyrirmælum*
